



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hafnarfjarðarkaupstaður  
Kristján Sturluson  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Kópavogur, 3.09.2015  
1508004 SB

Varðar: Fossvallaklif, afmörkun grannsvæðis vatnsverndar

Á 418. fundi stjórnar SSH, 24. ágúst sl., var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

**Erindi Landsnets og Hafnarfjarðarbæjar vegna afmörkunar grannsvæðis vatnsverndar við Fossvallaklif**

Hrafnkell Á. Proppé sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir lágu erindi Landsnets annars vegar og Hafnarfjarðarbæjar hins vegar, en bæði erindin lúta að afmörkun grannsvæðis vegna mögulegs vatnsbóls Mosfellsbæjar við Fossvallaklif og rannsóknir vegna staðsetningar spennivirkis Landsnets inni á núverandi grannsvæði.

HÁP fór yfir málið og gerði grein fyrir greiningu á þeim kostum sem skoðaðir hafa verið í máli.

Umræður

**Niðurstaða:**

Stjórn SSH telur eðlilegt að Landsnet, Hafnarfjarðarbær og Mosfellsbær ræði sín á milli um kostnað og mögulega kostnaðarskiptingu vegna verkefnisins, og að verkefnið verði að öðru leyti kynnt samráðsvettvangi um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson  
framkvæmdastjóri SSH